

A kærði ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun á ökutæki og krafðist þess að ökutækið teldist dembari í tollflokki 8704.1001, sem bæri 13% vörugjald.

Tollstjóri taldi ljóst af útliti og hönnun ökutækisins að það væri ekki dembari og hafnaði því kröfu kæranda þess efnis. Aftur á móti leit Tollstjóri til niðurstöðu yfirskattanefndar í málum nr. 8/2017 og 9/2017, enda eru úrskurðirnir tveir fordæmisgefandi um tollflokkun sambærilegra bifreiða og kæranda. Í málum nr. 8/2017 og 9/2017 var komist að þeirri niðurstöðu að ákveðnar bifreiðar skyldu flokkast í tollflokk 8704.2199 sem *grindur með hreyfli og öikumannshúsi sem búið er að bæta við vöruflutningaráými* en slík ökutæki bera 13% vörugjald.

Að virtu heildarmati á útliti og útbúnaði bifreiðar kæranda var það mat Tollstjóra að bifreiðin uppfyllti þau skilyrði sem fram komu í úrskurðum yfirskattanefndar í málum nr. 8/2017 og 9/2017. Var því fyrri ákvörðun Tollstjóra hnekkt og úrskurðað að bifreið kæranda skyldi bera 13% vörugjald sem ökutæki í tollflokki 8704.2199.